

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2007  
Tilv. 2007110018/0.2

**Efni: Um ~~24.~~<sup>6.</sup> mál - sala áfengis**

Vísað er til bréfs hv. allsherjarnefndar Alþingis dags. 2. nóvember 2007.

**Almennt um frumvarpið**

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) tekur ekki afstöðu til þess, hvernig haga skuli smásölu áfengis í landinu en vill með umsögn þessari koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið og að hverju þurfi að huga áður en hv. Alþingi afgreiðir málið.

Mjög líklegt er að ÁTVR muni hætta sölu á áfengi undir 22% af áfengisinnihaldi ef frumvarpið verður að lögum þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir heimild til áframhaldandi sölu. Vandséð er af hverju ÁTVR ætti að fara í samkeppni við einkaaðila um sölu á vöru sem er á frjálsum markaði. Reynslan sýnir einnig að á undanförunum árum hafa ýmis einkaleyfi ÁTVR verið felld niður og stofnunin hætt starfsemi í kjölfarið. Sem dæmi má nefna að einkaleyfi ÁTVR á að framleiða áfengi var felld niður árið 1986, einkaleyfi á innflutningi á áfengi var felld niður árið 1995 og einkaleyfi á innflutningi á tóbaki var felld niður árið 2004. Afleiðingin var öll á sama veg. Allri starfsemi, sem niðurfelld einkaleyfi náðu til, var hætt hjá ÁTVR, jafnvel þótt heimild til áframhaldandi óbreytts rekstrar hafi verið haldið inni.

Ef pólitískur vilji væri til þess að halda áfram að selja umræddar vörur hjá ÁTVR þyrfti í anda samkeppnislaga að aðgreina einkaleyfabundna vöru og vöru sem er á frjálsum markaði þannig að þær væru ekki seldar hlið við hlið í sömu verslun án fjárhagslegrar og rekstrarlegrar aðgreiningar. Einnig er ljóst að jafnvel þó tekin væri ákvörðun um að ÁTVR héldi áfram sölu myndi mestur hluti sölumagnsins færast yfir til einkaaðila. Vandséð er að rekstrarforsendur væru fyrir slíkri starfsemi.

Mikil röskun verður óhjákvæmilega á rekstri ÁTVR verði frumvarpið að veruleika. Magn i dreifingu gæti minnkað um rúm 96%, úr um 19 milljónum litra í um 700 þúsund lítra. Tegundum gæti fækkað úr um 2000 í um 340 og veltan minnkað úr um 11,5 milljörðum í um 3,1 milljarð.

Álagning ÁTVR á sterkt áfengi er aðeins 6,85%. Að mati ÁTVR verður útilokað að halda uppi sama þjónustustigi, t.d. hvað varðar fjölda verslana, opnunartíma og þjónustustig með sterka áfengið nema álagning ÁTVR á þær vörur hækki verulega. Jafnaðarverð hefur verið á áfengi um allt land. Óeðlilegt hlýtur að teljast að slík bundin álagning haldi áfram á sterkt áfengi meðan frjáls álagning er á öðru. Rétt er að benda á að ekki er einungis um léttvín og bjór að ræða því flestir líkjörar og „skotdrykkir“ eru með undir 22% af vínandainnihaldi. Einnig er rétta að benda á að svokallað „sódapopp“ eða gosblandað áfengi er í raun sterkt áfengi sem búið er að þynna með gosi. Samkvæmt frumvarpinu er sala þess frjáls og ekki bundin einkaleyfi.

SKRIFSTOFUR

STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

SÍMI 560 7700 FAX: 560 7757

www.vinbud.is • atvr@atvr.is



ÁTVR rekur vínbúðir á 47 stöðum. Þar af eru einungis 10 vínbúðir í eigin húsnæði. Annars staðar er leigt skv. sérstökum samningum, en í þeim eru ákvæði um að falli einkaleyfi ÁTVR til áfengissölu niður falli samningarnir sjálfkrafa og bótalaust úr gildi. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig með skuli farið þegar og ef einkaleyfið fellur aðeins niður að hluta. Samningar ÁTVR gilda að jafnaði í 5 til 7 ár. Þar sem ekki er tekið beint á þeirri stöðu sem hér kæmi upp í núgildandi leigusamningum, er líklegt að stofnunin þurfi með tilliti til hagsmuna leigusala að semja um styttingu leigutíma. Því má búast við að verulegur kostnaður kunni að falla á ÁTVR ef stofnunin þarf að hætta starfsemi sinni á þessum stöðum eða semja um minnkun á húsnæði með eins stuttum fyrirvara og frumvarpið felur í sér.

## Smáverslanir ÁTVR á landsbyggðinni

Í greinargerðinni með frumvarpinu er vísað í að einkaaðilar sjái um sölu á áfengum drykkjum og rekstur vínbúða fyrir ÁTVR. Þetta er **alrangt**. ÁTVR ber ábyrgð á og rekur allar vínbúðir á Íslandi óháð stærð og staðsetningu. Í hverri einustu verslun er starfsmaður ÁTVR sem rekur verslunina og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart ÁTVR. Verslunarstjóri ÁTVR er því ríkisstarfsmaður og háður lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og þeim fyrirmælum sem starfsmönnum ÁTVR eru sett. Þá er reksturinn sjálfur og rekstrarniðurstaðan að sjálfsögðu alls staðar alfarið á ábyrgð og áhættu ÁTVR.

Einkaaðilar reka hvergi vínbúðir á sína ábyrgð en þeir inna af hendi ýmsa þjónustu fyrir ÁTVR samkvæmt sérstökum samningi. Innihaldi samningsins er nánar lýst hér á eftir. Á árum áður voru verslanir ÁTVR á landsbyggðinni fáar. Ekki þótti forsvaranlegt að leigja húsnæði og ráða starfsfólk vegna lítillar sölu og hás kostnaðar. Árið 1987 var reynd ný leið í Ólafsvík til þess að ná fram nægjanlegri hagkvæmni til þess að réttlæta opnun vínbúðar í smærra byggðarlagi og auka þar með þjónustuna við landsbyggðarfólk. Aðferðinni sem beitt var í Ólafsvík fólst í því að ÁTVR tók á leigu lítið rými við hliðina á barnafataverslun. Að sjálfsögðu var vínbúðin sjálf algerlega aðskilin frá barnafataversluninni með sérstöku lyklakerfi en inngangur og baksvæði voru sameiginleg. ÁTVR réð verslunarstjóra og gerði samning við eiganda barnafataverslunarinnar um ýmsa þjónustu eins og rakið er hér að neðan. Með þessari samvinnu náðist mikil hagræðing og var samstarfið hagstætt, bæði fyrir ÁTVR og þjónustuaðila.

Í samningi við þjónustuaðila fólst m.a. að hann tryggði verslunarstjóra ÁTVR aðgang að salernum, kaffistofu og annarri starfsmannaaðstöðu. ÁTVR þurfti því ekki að leggja í kostnað við að koma slíkri aðstöðu upp. Þjónustuaðili sá um alla ræstingu og þrif. Í samningi var einnig áskilið að þjónustuaðili veitti verslunarstjóra ÁTVR aðstoð við vörumóttöku, uppröðun í hillur og önnur störf tengd vínbúðinni ef verslunarstjóri þurfti á slíkri aðstoð að halda. Fyrir sína þjónustu fékk samstarfsaðili fasta mánaðarlega greiðslu.

Þetta fyrirkomulag gafst svo vel fyrir báða aðila að í dag rekur ÁTVR um 25 smáverslanir. Þær smæstu hafa einungis opið í eina klukkustund á dag. Grunnhugsun líkansins er ennþá sú sama og í upphafi. ÁTVR ber ábyrgð á og rekur allar vínbúðirnar. Frá því er enginn afsláttur gefinn og einkaaðilar koma þar hvergi nærri.

Tilgangurinn með rekstri smáverslana er að auka þjónustuna í dreifbýli með sem mestri fjárhagslegri hagkvæmni þó salan sé lítil. Í dag rekur ÁTVR alls 47 vínbúðir. Smáverslanir á landsbyggðinni eru því ríflega helmingur vínbúða ÁTVR en eru einungis með um 10% af sölunni.

## Forvarnarhlutverk og samfélagsleg ábyrgð ÁTVR

Í greinargerðinni með frumvarpinu er vitnað í gamla ársskýrslu ÁTVR frá árinu 2002 þar sem fjallað er m.a. um forvarnarhlutverk ÁTVR. Nærtækara er að benda á meðfylgjandi SKRIFSTOFUR

ársskýrslu ÁTVR fyrir árið 2006. Í formála hennar fjallar forstjóri m.a. um þróun áfengismála

STUÐLAHALSI 2410 REYKJAVÍK

SÍMI 560 7700 FAX: 560 7757

www.vinbud.is • atvr@atvr.is

í öðrum löndum og samfélagslega ábyrgð ÁTVR sem stöðugt hefur fengið aukið vægi í rekstrinum á undanförunum árum.

Helstu þættir sem þar koma fram um samfélagslega ábyrgð eru þessir:

**ÁTVR tekur þátt í að byggja upp vinnmenningu, t.d. með fræðslu til viðskiptavina um vín og tengingu matar og vína.**

**ÁTVR fer í ýmsar herferðir þar sem samfélagsleg ábyrgð er í fyrirrúmi. Má nefna t.d. "Akstur og áfengi fara ekki saman", "Ábyrð gestgjafans", og "Kaupum ekki áfengi fyrir unglina.**

**Strangt eftirlit er með aldri viðskiptavina.**

**Ábyrg starfsemi, t.d. engar söluhvetjandi aðgerðir.**

**Samstarf við lögreglu og aðila sem vinna að forvörnum. Sérstök áhersla er á að torvelda aðgengi unglina að áfengi.**

Allt er þetta gert í þeim tilgangi að minnka þá skaðsemi sem misnotkun áfengis hefur í för með sér í þjóðfélaginu. ÁTVR leggur mikla áherslu á það hlutverk verslunarinnar að fylgja eftir lagaákvæðum um lágmarksaldur þeirra sem kaupa áfengi og notar til þess sérstök eftirlitskerfi. Á þetta er sérstaklega bent hér því lítið sem ekkert opinbert eftirlit virðist vera með því hverjir kaupa tóbak þó lögaldur tóbakskaupenda sé átján ár.

Áfengislögin geyma margs konar ákvæði sem ætluð eru til að hamla gegn sams konar markaðssókn og viðhöfð er með venjulega vöru. Næsta líklegt er að beinar og óbeinar áfengisauklýsingar muni aukast verulega þegar sala einstakra tegunda verður ekki aðeins mál heildsala heldur fjölmargra smásala í landinu. Miklu fleiri aðilar munu því hafa hagnaðarvon í sölu áfengis en nú er, en það eitt og sér hlýtur almennt séð að leiða til þess að vörunni verði meira haldið að neytendum með einum eða öðrum hætti. Skilgreining frumvarpsins á „sterku áfengi“ gerir svokallað „sódapopp“ að „léttu áfengi“ þótt þeir drykkir séu venjuleg blanda „sterks áfengis“ og gosdrykkja - kallaðir „long drinks“ á veitingahúsum. Við athugun þessa frumvarps þarf sérstaklega að líta til hvort sú nýbreytni, sem það gerir ráð fyrir, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér meiri aukningu á neyslu „sterks áfengis“ að „sódapoppi“ meðtöldu, en léttara vína. Einnig er rétt að benda á að svokallaðir „skotdrykkir“ t.d. „Ópal“ og „Tópas“ falla undir frumvarpið en neysla „skota“ með bjór er vinsæl hjá ungu fólki.

## Um 1. gr.

Við er til þess sem að framan greinir um skiptingu sölu ÁTVR í "sterkt áfengi" og annað áfengi. Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir að ÁTVR hafi heimild til að dreifa áfengi, sem í er minna en 22% af vínanda, í vínbúðum sínum samkvæmt samningum við birgja. Eins og áður hefur komið fram er nánast fullvíst að ÁTVR hætti sölu á því áfengi sem ekki er bundið einkaleyfi.

Engu að síður þarf að vera skýrt hvers konar heimildir birgjar eigi að veita fyrirtæki ríkisins til athafna. Ekki er heldur skilgreint hvað felist í orðinu "birgir". Hefðbundin notkun þess hjá ÁTVR er birgir sá er selur fyrirtækinu vörur til endursölu og samkvæmt gildandi reglum getur birgir verið hvaðan sem er úr veröldinni. Skýrt þarf að koma fram, um hvað ÁTVR eigi að semja við birginn komi til slíkra samninga.

SKRIFSTOFUR

STUÐLAHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

SÍMI 560 7700 FAX: 560 7757

www.vinbud.is • atvr@atvr.is

Um 2. gr. b-lið

Vandséð er hvernig framfylgja á þeim ákvæðum að áfengi megi ekki selja undir kostnaðarverði þ.e. endanlegu innkaupsverði að viðbættum opinberum gjöldum auk virðisaukaskatts. Í greinargerð er sagt að ákvæði þetta eigi að tryggja hagsmuni ríkissjóðs af innheimtu opinberra gjalda og koma í veg fyrir óeðlilegt undirboð.

Ákvæði það, sem hér um ræðir, virðist kalla á viðtækt eftirlit með kostnaðarverði áfengis því nákvæmlega sama vara getur haft mismunandi kostnaðarverð eftir því af hvaða birgja hún er keypt, háð gengi sem skráð er þegar hún er flutt inn, flutningskostnaði eða tæknibreytingum.

Um 5. gr.

Telja verður eðlilegt að mælt sé fyrir um hvernig áfengi, sem gert er upptækt til ríkissjóðs, skuli ráðstafað. Miðað við efni frumvarpsins telur ÁTVR heppilegast að varan verði seld hæstbjóðanda á uppboði. Fáist eigi boð jafnhátt áfengisgjaldi, verði vörunni eytt. Að öðru leyti sýnist þurfa að bæta inn í textann: "...sem inn eru fluttar, *seldar* eða framleiddar...."

Um 10. gr.

a-liður: Vakin er athygli á því að skv. ákvæðum reglugerðar um smásölu og veitingar áfengis nr. 177/1999 er nú heimilt að hafa vínbúð opna frá kl. 8:00 - 23:00. Vínbúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

c-liður: Heimildir sveitarstjórna til veitingar smásöluleyfis eru óljósar. Það er skilningur ÁTVR eftir athugun á ÍSAT-flokkun Hagstofu Íslands að ekki fengist leyfi til rekstrar ýmissa núverandi vínbúða ÁTVR yrðu þær sameinaðar rekstri þjónustuaðila ÁTVR. Rekstur allra vínbúðanna hefur þó gengið áfallalaust og öll leyfi sveitarstjórna, vinnueftirlits og heilbrigðiseftirlits eru til staðar.


**Niðurlag**

Í greinargerð segir að ólíklegt megi telja að ríkisfyrirtæki reki verslanir með hagkvæmari hætti en einkaaðilar muni gera.

Í vínbúðum ÁTVR er rekstrarkostnaður án vörunotkunar um 9,5% af veltu, ÁTVR var valin "Ríkisstofnun til fyrirmyndar" árið 2004 af fjármálaráðuneytinu, vann Íslensku gæðaverðlaunin árið 2004, í samkeppni við einkaaðila, og var efst í Íslensku ánægjuvöginni í smásölu árið 2005, einnig í samkeppni við einkaaðila.

Hvaða einkafyrirtæki í verslunarrekstri státa af slíkum árangri?

Með kveðju,  
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins

  
Ívar J. Arndal  
forstjóri